

## Atvinnumála og samgöngunefnd 2018 – 2022

### Númer fundar:

5

### Dagsetning fundar:

Mánudagur 8. febrúar 2021

### Tími fundar:

11:00 – 12:00

### Mættir:

Haraldur Jónsson formaður, Hannes Ó. Gestsson varaformaður, Karen Kristjana Ernstsóttir ritari

### Dagskrá:

1. Hrútmúlavirkjun, vindmyllulundur. Sveitastjórn sendi til Atvinnu- og samgöngunefndar skýrslu um Hrútmúlavirkjun og óskar eftir umsögn nefndar. Nefndin hefur farið yfir skýrslu Gunnbjarnar ehf. varðandi tillögur um Hrútmúlavirkjun.

Í dag er enginn vindmyllugarður á Íslandi, þess vegna er nauðsynlegt að allur undirbúningur og kynning á verkefninu sé unnin af kostgæfni. Skáldabúðir eru vissulega afskekkt jörð. Þrátt fyrir það er jörðin í sveit þar sem er byggð. Nefndin telur að umræða um vindmyllugarð í byggð þurfi nauðsynlega að eiga sér stað, bæði hérna í sveitafélaginu og einnig á landsvísu.

Samgöngur. Væntanlega yrðu einhverjar vegabætur á Mástunguvegi (vegur nr. 329) en þær eru svæðisbundnar og gagnast nær einungis íbúum á því svæði.

Atvinnumál. Í skýrslunni er ekkert rætt um áhrif atvinnumála í sveitafélaginu, hvorki á framkvæmdatíma né við rekstur vindmyllugarðs. Ef neikvæð áhrif vindmyllugarðsins verða mikil, gæti það haft áhrif á bæði búsetu og atvinnumál í sveitafélaginu til lengri tíma.

Nefndin fagnar öllum áformum um atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Það eru skiptar skoðanir í þjóðfélaginu varðandi nýtingu vindorku, en líklega mun stærsta deilan ávallt snúast um hvar staðsetning á svona vindmyllugarði eigi að vera. Á hann heima í dreifbýli í byggð með tilheyrandi röskun á gæðum þeirra sem búa í næsta nágrenni. Verði af framkvæmdinni, þá má velta því fyrir sér hvort hún hafi neikvæð áhrif til lengri tíma litið á aðra atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. að fólk vilji ekki flytja inná svæðið og byggja upp í næsta nágrenni við svona vindmyllugarð.

Þar sem engar upplýsingar eru í skýrslunni sem snúa að atvinnumálum tengt framkvæmdinni, þá getur nefndin hvorki veitt verkefninu jákvæða né neikvæða umsögn.

Nefndin óskar eftir að Gunnbjörn ehf vinni ítarlegri greiningu á því hvaða áhrif þessi framkvæmd muni hafa á atvinnustig í sveitarfélaginu, bæði á framkvæmdatíma og eftir af vindmyllugarðurinn er kominn í rekstur.

Fleira ekki rætt.

Ákveðið að boða næsta fund síðar.

Paraldur T

Hannes Grettsson

Kæra K. Þomsdóttir